



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

The Icelandic League against Rheumatism



Stofnað 9. okt. 1976

ARMÚLI 5 • IS-108 REYKJAVÍK • SÍMI: 530 3600 • FAX: 553 0765 • www.gigt.is

Alþingi

Erindi nr. P 128/713

komudagur 9.1.2003

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (þingskj. 28 - 28. mál. 128. löggjafarþing 2002 - 2003)

Frekari uppbygging endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er gott mál og bætti verulega þjónustu við gigtsjúka á Norður- og Austurlandi. Gigtarfélagið styður því þingsályktunartillöguna heilshugar.

Stjórn félagsins vill leggja áherslu á að vinna þarf að heildarskipulagningu á endurhæfingar- og starfsendurhæfingarmálum fyrir gigtsjúka hér á landi eins og kemur fram á minnisblaði Gigtarráðs sendu heilbrigðisráðherra 13. desember sl. Þar kemur og fram að skortur er á legudeildarplássum á endurhæfingardeild fyrir gigtsjúka í landinu. Eðlilegt er að mati stjórnar Gigtarfélags Íslands að við þeim vanda verði brugðist með leguplássum í Reykjavík á Grensásdeild eða öðrum stað í samvinnu við Gigtardeild LSH og við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að Kristnesi.

Í frekari uppbyggingu endurhæfingar á Akureyri eru tækifæri sem skilað geta gigtsjúkum á Norður- og Austurlandi betri þjónustu. En félagið leggur áherslu á að þjónustuna verður að skoða í heildrænu samhengi. Verulegur skortur er víða á landsbyggðinni á viðhaldsendurhæfingu sem eðlilegt væri að reka í tengslum við heilbrigðisstofnanir og heilsugæslu á hverjum stað á göngudeildar grunni. Þá búa landsmenn margir við misjafnt aðgengi að gigtarsérfræðingum (þeir sem búa utan höfðuborgarsvæðis og Akureyrar), en slíkt má leysa með farþjónustu líkt og ýmsar aðrar sérgreinar gera í dag.

Félagið vill og minna á að hugmyndafræði endurhæfingar verður að vera leiðarljós við alla skipulagningu og framkvæmd. Skilgreining Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) á endurhæfingu er eftirfarandi: "Endurhæfing miðar að því að skjólstæðingur nái aftur eins góðri líkamlegri, andlegri og félagslegri færni og unnt er. Hún felur í sér öll þau úrræði sem miða að því að draga úr áhrifum fötlunar og þeim hindrunum sem fötlunin veldur". Skilgreiningin felur í sér að úrræðin geri fötluðu fólki kleift að vera virkir þjóðfélagsþegnar. Þá felur hún einnig í sér að endurhæfing byggist á samvinnu fagaðila með virkri þátttöku skjólstæðings, og á það leggur Gigtarfélagið mikla áherslu.

Endurhæfing gigtsjúkra er teymisvinna og mikilvægt að innan teymisins séu gigtarsérfræðingur, félagsráðgjafi, iðjubjálfi, hjúkrunarfræðingur og sjúkrahjálfari. Einnig þurfa ýmsir aðrir sérfræðingar að tengjast teyminu s.s. bæklunarlæknir, sálfræðingur, geðlæknir, stoðtækja- og fóttaðgerðarfræðingur. Í þessum efnum ætti Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri ekkert að vara að vanbúnaði, nema fjármagn til þess að reka starfsemina.

F.h. Gigtarfélags Íslands, 7. janúar 2003

Emil Thóroddsen
framkvæmdarstjóri